



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 5/2009

um afturköllun á skráningu Blutel ehf. (áður Núll-nú ehf.) og öllum úthlutuðum númerum og kóðum PFS til fyrirtækisins

I.

Boðun ákvörðunar

Blutel ehf., sem áður var rekið undir heitinu Núll-nú ehf., er skráð fjarskiptafyrirtæki á Íslandi í samræmi við 4. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og hefur fengið úthlutað kóðum og númerum til notkunar fyrir farsímaþjónustu, sbr. úthlutunarbréf Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) dags. 20. maí 2005, 6. júní 2006 og 5. október 2006.

Vegna vanskila fyrirtækisins á gjöldum, sem fyrirtækinu er skylt að greiða samkvæmt lögum, og í ljósi þess að fyrirtækinu hefur ekki tekist að sýna fram á að það fari að þeim skilyrðum sem sett voru fyrir úthlutuðum númerum í framangreindum úthlutunarbréfum PFS, var fyrirtækinu tilkynnt bréflaga þann 13. febrúar sl. að Póst- og fjarskiptastofnun hygðist afturkalla heimild fyrirtækisins til þess að nota úthlutað númer og fella niður skráningu þess. Var umrætt bréf sent í ábyrgðarpósti til fyrirtækisins og í tölvupósti til helstu tengiliði fyrirtækisins sem PFS hafði upplýsingar um.

II.

Málavextir og bréfaskipti

Í fyrrnefndu bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 13. febrúar sl., var Blutel gerð grein fyrir að PFS teldi að fyrirtækið væri ekki að fara að þeim skilyrðum sem sett voru fyrir notkun á úthlutuðum númerum, eins og þau voru sett fram í úthlutunarbréfum stofnunarinnar til fyrirtækisins. Þá var Blutel jafnframt gerð grein fyrir gjaldskyldu sinni, upphæð útistandandi skulda og til hvaða þvingunarúrræða stofnunin hygðist grípa til ef ekki yrðu gerð full skil á áföllnum gjöldum, sbr. eftirfarandi:

„Samkvæmt 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, ber Blutel að greiða árlegt gjald til stofnunarinnar fyrir hvert úthlutað símanúmer, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Vanskil vegna þessara gjalda fyrir árið 2008 eru nú kr. 2.000.000 að frátöldum dráttarvöxtum. Eins ber fyrirtækinu að greiða árlegt gjald fyrir alþjóðlega netkóða, sbr. 3. mgr. 14. gr., og árlegt rekstrargjald, sbr. 4. mgr. 14. gr. Hefur Blutel ekki staðið í skilum með framangreind gjöld og hefur innheimta á vegum Intrum engan árangur borið. Upphæð þessara krafna nemur nú kr. 2.410.000 að frátöldum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Í þessu sambandi vill PFS benda á að stofnuninni er heimilt að fella niður starfsheimild fyrirtækja sem vanrækja greiðslu rekstrargjalds, sbr. 9. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003.

Í ljósi alls þess sem hér er að framan talið hyggst Póst- og fjarskiptastofnun afturkalla skráningu fyrirtækisins og öll þau númer sem stofnunin hefur úthlutað Núll-nú ehf./Blutel.



Að öllu framangreindu og í samræmi við 2. mgr. 73. gr. fjarskiptalaga er Blutel hér með gefinn frestur til **13. mars n.k.** til þess að koma á framfæri skýringum sínum og athugasemdum eða andmælum vegna ofangreinds, ella hefur stofnunin í hyggju að afturkalla skráningu Núll-nú ehf./Blutel og heimild til að nota númer sem PFS hefur úthlutað fyrirtækinu.

Summary in English:

Since Núll nú ehf./Blutel has failed to fulfill its obligations in accordance with Article 14 of Act no. 69/2003 on the Post and Telecom Administration, by failing to pay fees according to the Act, and conditions to use allocated numbers as stated in PTA's allocation letters, the PTA in Iceland plans to revoke the company's registration and all numbers allocated to the company.

Núll nú/Blutel has to **March 13th** to protest this and send the PTA its comments regarding the above before a formal Decision will be made. "

Við dagsetningu ákvörðunar þessarar hafa engin viðbrögð borist PFS vegna framangreinds bréfs stofnunarinnar og engar athugasemdir verið gerðar við þá fyrirætlun Póst- og fjarskiptastofnunar að afturkalla úthlutað réttindi fyrirtækisins til að nota númer og fella niður skráningu fyrirtækisins. Þá hafa heldur engar greiðslur borist stofnuninni vegna umræddrar kröfu að upphæð kr. 2.410.000, að frátöldum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði.

III.

Forsendur

Blutel ehf., sem áður var rekið undir heitinu Núll-nú ehf., fékk útgefið leyfi til að veita GSM farsímaþjónustu þann 12. mars 2002. Leyfið tók til uppsetningar og starfrækslu skiptistöðva fyrir farsíma, útgáfu SIM korta og umsjónar með þeim, rafrænnar skrár yfir staðsetningu farsíma og notkun númerakóða sem úthlutað er. Leyfið fól ekki í sér heimild til tíðninkunar eða starfrækslu þráðlauss farsímanets.

Með lögum um fjarskipti nr. 81/2003 var almennt heimilað að reka fjarskiptaþjónustu án sérstaks rekstrarleyfis. Núll-nú ehf. var því áfram heimilt að reka þá þjónustu sem talin var upp í leyfinu frá 2002, samkvæmt almennri heimild, í samræmi við III. kafla fjarskiptalaga og reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu nr. 345/2005. Slíkri heimild fylgja ákveðin lágmarksréttindi og skilyrði sem Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja, þar á meðal réttindi til þess að nota tíðnir og númer, sbr. 7. gr. fjarskiptalaga.

Blutel (Núll-nú) ehf. er á skrá Póst- og fjarskiptastofnunar yfir fjarskiptafyrirtæki í samræmi við 3. mgr. 4. gr. laga um fjarskipti. Félagið hefur fengið úthlutað eftirfarandi kóðum fyrir farsímaþjónustu:

- MNC kóða 06 (Mobile Network Code)
- NSPC kóðum (National Signalling Point Code) númer 1-192-0 til 1-207-7
- ISPC kóða (International Signalling Point Code) númer 2-148-2 og 2-148-7

Þá hefur Blutel fengið úthlutað eftirfarandi númerum/númeraröðum fyrir farsímaþjónustu:

- 655 xxxx og 380 38x xxx, sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 20. maí 2005
- 380 390 000 til 380 489 999 (alls 100.000 númer), sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 6. júní 2006
- 380 300 000 til 380 379 999 (alls 80.000 númer), sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 5. október 2006



Fyrir notkun á framangreindum kóðum og númerum hefur fyrirtækinu borið að greiða árlegt gjald til PFS í samræmi við 3. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Þá er Blutel jafnfram skylt að greiða PFS árlegt rekstrargjald í samræmi við 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003.

Póst- og fjarskiptastofnun er falið að hafa umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun og öðrum lögum, sbr. 1. gr. laga nr. 69/2003. Í 3. gr. framangreindra laga eru skilgreind hluti af þeim verkefnum sem stofnuninni er falið að sinna. Má þar m.a. nefna að stofnuninni er falið að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða, sbr. c-lið 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003. Þau tæki sem stofnunin hefur til þess að sinna framangreindu hlutverki er að helst finna í lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, og reglugerðum og reglum sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum.

Í 2. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga eru í staflíðum a–i talin upp þau skilyrði sem setja má fyrir úthlutun númeraréttinda. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hver þessara skilyrða skuli setja og kveður nánar á um innihald þeirra í reglum, sbr. nógildandi reglur nr. 450/2008 um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 10. gr. má setja skilyrði um að notkun númera sé skilvirk. Þá er heimilt að setja skilyrði um að veittar séu almennar símaskrárupplýsingar, um hámarksgildistíma úthlutunar og greiðslu gjalda fyrir númer. Þá hefur skilyrði um númeraflutning í d-lið 2. mgr. 10. gr. jafnframt verið lögfest sem skylda fjarskiptafyrirtækja þegar um er að ræða almenna talsímabjónustu og farsímabjónustu, sbr. 1. mgr. 53. gr. fjarskiptalaga.

Notkun þeirra númera sem Núll-nú ehf. fékk úthlutað frá PFS eru jafnframt háð þeim skilyrðum sem sett eru fram í úthlutunarbréfi stofnunarinnar til fyrirtækisins, sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 20. maí 2005, 6. júní 2006 og 5. október 2006. Í öllum þessum úthlutunarbréfum er sett fram það skilyrði að notkun númeranna skuli vera skilvirk og nýtin. Jafnframt er sett fram það skilyrði fyrir hluta þeirra númera sem var úthlutað var þann 20. maí 2005 að þau yrðu markaðssett á Íslandi. Þá er í úthlutunarbréfum PFS dags. 6. júní 2006 og 5. október 2006 sérstaklega tekið fram að númerin séu eingöngu til nota í fjarskiptaþjónustu sem rekin er á Íslandi. Eins og málum er nú háttað hefur Blutel ekki sýnt fram á að notkun félagsins á úthlutaðum númerum sé í samræmi við þau skilyrði sem sett voru í framangreindum úthlutunarbréfum PFS. Ber þar sérstaklega að nefna skilyrði um að notkun félagsins á úthlutaðum númerum sé skilvirk og nýtin. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að félagið reki einhverja fjarskiptaþjónustu á Íslandi, í raun virðist sem að rekstri félagsins hafi í reynd verið hætt hér á landi. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að PFS hefur nýlega borist ábendingar þess efnis að SIM kort sem fyrirtækið hefur selt viðskiptavinum sínum erlendis virka ekki og hafa hlutaðeigandi notendur ekki náð í starfsmenn Blutel til að fá skýringar þeirra. Svo virðist jafnframt sem heimasíða fyrirtækisins sé óvirk og hafa fregnir borist af því að íslenskir starfsmenn fyrirtækisins hafa látið af störfum. Hefur PFS óskað eftir skýringum Blutel á þessu með tölvupóstum dags. 23. janúar sl. og 5. febrúar sl., en að svo komnu hafa engin svör eða viðbrögð borist frá Blutel.

Blutel hefur enga tilraun gert til þess að koma á framfæri skýringum sínum eða athugasemdum vegna framangreinds til stofnunarinnar eða reynt á nokkurn hátt að sýna fram á að notkun á úthlutuðum númerum sé í samræmi við þau skilyrði sem sett voru. Af þessum sökum getur PFS ekki litið öðruvísi á en svo að notkun félagsins á úthlutuðum réttindum skv. 7. gr. fjarskiptalaga uppfylli ekki þau skilyrði sem fram eru talin í úthlutunarbréfum PFS dags. 20. maí 2005, 6. júní 2006 og 5. október 2006.

Þá hefur Blutel ekki staðið skil á þeim gjöldum sem félaginu er skylt að greiða skv. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, en samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber Blutel að greiða árlegt gjald til stofnunarinnar fyrir hvert úthlutað símanúmer. Vanskil vegna þessara gjalda fyrir árið 2008 eru nú kr. 2.000.000 að frátöldum dráttarvöxtum. Eins ber fyrirtækinu að greiða árlegt gjald fyrir alþjóðlega netkóða, sbr. 3. mgr. 14. gr., og árlegt rekstrargjald, sbr. 4. mgr. 14. gr. Hefur Blutel ekki staðið í skilum með framangreind gjöld og hefur innheimta á vegum Intrum engan árangur borið. Upphæð þessara krafna nemur nú kr. 2.410.000 að frátöldum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Af þessum sökum telur PFS nauðsynlegt að fella niður starfsheimild fyrirtækisins í samræmi við 9. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem fram kemur að vanræki fjarskiptafyrirtæki greiðslu árlegs rekstrargjalds er PFS heimilt að fella niður starfsheimild fyrirtækisins.

IV. Niðurstaða

Í 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er fjallað um viðurlög brjótis fjarskiptafyrirtæki gegn lögum eða öðrum skyldum sem á því hvílir, sbr. 5. mgr. ákvæðisins:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum.“

Að öllu ofangreindu virtu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar í máli þessu að Blutel ehf. uppfylli ekki lengur skilyrði til notkunar á þeim númerum sem úthlutað voru til fyrirtækisins fyrir farsímaþjónustu með úthlutunarbréfum PFS dags. 20. maí 2005, 6. júní 2006 og 5. október 2006. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist, með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, að afturkalla öll réttindi félagsins til að nota kóða og númer sem PFS hefur úthlutað félaginu. Um er að ræða MNC netkóða 06 (Mobile Network Code), NSPC kóða (National Signalling Point Code) númer 1-192-0 til 1-207-7, ISPC kóða (International Signalling Point Code) númer 2-148-2 og 2-148-7 og úthlutað númer skv. úthlutunarbréfum PFS dags. 20. maí 2005, 6. júní 2006 og 5. október 2006.

Með tilliti til vanskila Blutel verður jafnframt ekki hjá því komist, með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 9. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að fella niður skráningu fyrirtækisins.

Skorað er á Blutel ehf. að standa skil á gjaldfallinni kröfu hið fyrsta að öðrum kosti mun Póst- og fjarskiptastofnun höfða mál gegn fyrirtækinu til fullnustu kröfunnar.

Ákvörðunarorð

Með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er afturkölluð heimild Blutel ehf. til að nota eftirfarandi kóða:

- MNC kóða 06 (Mobile Network Code)
- NSPC kóðum (National Signalling Point Code) númer 1-192-0 til 1-207-7
- ISPC kóða (International Signalling Point Code) númer 2-148-2 og 2-148-7

Með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er afturkölluð heimild Blutel ehf. til að nota eftirfarandi númer:

- 655 xxxx og 380 38x xxx, sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 20. maí 2005
- 380 390 000 til 380 489 999 (alls 100.000 númer), sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 6. júní 2006
- 380 300 000 til 380 379 999 (alls 80.000 númer), sbr. úthlutunarbréf PFS dags. 5. október 2006

Með vísan til 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 9. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er skráning Blutel ehf., skv. 3. mgr. 4. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, felld niður.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 19. mars 2009

Hrafnkell V. Gíslason

Inga Helga Jónsdóttir